

19. júní 2015 – Minnisblað

Ríkisstjórn Íslands hvetur vinnuveitendur, jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá ríki og sveitarfélögum, til þess að veita starfsmönnum sínum frí 19. júní eins og kostur sé svo þeir geti tekið þátt í skipulögðum hátíðahöldum þann dag sem áformuð eru í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna.

Mörg sveitarfélög hafa tilkynnt um frí eftir hádegi til að taka þátt í hátíðarhöldunum og má þar nefna Hafnarfjörð og Mosfellsbæ sem gefa frí eftir hádegi, loka stofnunum en tryggja neyðarþjónustu.

Mikilvægt er að Garðabæ birti sína ákvörðun varðandi 19. júní sem fyrst svo forstöðumenn geti gert ráðstafanir.

Með virðingu og vinsemd

Vilhjálmur Kári Haraldsson, mannauðsstjóri Garðabæjar